

Þróun á flutningsgjaldskrá Landsnets í takt við áskoranir og þróun orkumarkaðar




Stefna og endurskoðun 2022

Tilgangur og drifkraftar

Landsnet er að þróa flutningsgjaldskrá sem er viðeigandi fyrir framtíðarorkukerfi Íslands og í samræmi við íslenska orkustefnu, stefnu Landsnets og þróun orkumarkaðarins.

Markmið orkustefnu Íslands frá 2020 er að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og að skipta algerlega út jarðefnaeldsneyti fyrir endurnýjanlega orku fyrir árið 2050, í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 7 (endurnýjanleg orka), 9 (nýsköpun og uppbygging) og 13 (aðgerðir í loftslagsmálum). Svo það megi takast er í orkustefnunni bent á tólf langtímamarkmið sem marka stefnu fyrir þróun orkukerfisins næstu áratugina. Landsnet gegnir lykilhlutverki í því að greiða fyrir þessum umskiptum.



Þótt öll tólf markmiðin hafi mikil áhrif á stefnu Landsnets eru fjögur sem við búumst sérstaklega við að muni skipta sköpum varðandi reglur um flutningsgjaldskrár, kerfisframlag og kerfisþjónustu.



Fyrsta markmiðið af þessum fjórum **er fjölbreyttara orkukerfi**. Í dag er orkuþörfum á Íslandi algjörlega mætt með vatnsorku (ca. 70%) og jarðvarmaorku (30%). Blönduð orkuframleiðsla með slitróttari orkuuppsprettum eins og vindorku mun gera nýjar kröfur til orkukerfisins, eins og um aukna þörf fyrir sveigjanleika bæði til skamms og langs tíma litið.



Í öðru lagi er markmið orkustefnunnar að **hætta smám saman notkun jarðefnaeldsneytis**, sem þýðir að skipta þarf yfir í raforku og/eða annars konar eldsneyti í samgöngugeiranum. Það mun leiða til talsvert aukinnar þarfar fyrir bæði orku, afl og sveigjanleika. Líklegt er að það hafi í för með sér nýjar gerðir raforkunotenda á Íslandi, eins og hraðhleðslustöðvar, hleðslu á skipum í höfnum og græna vetnisframleiðslu. Þeir kunna að hafa aðra eiginleika en flestir viðskiptavinir sem fyrir eru, til dæmis hvað varðar tíma á fullu álagi, sveigjanleika og kröfur um afhendingaröryggi og gæði. Það verður mikilvægt að tryggja að gjaldskrár og aðrar reglur meðhöndli þessa viðskiptavini rétt, svo kerfið geti veitt þeim þjónustu án þess að það hækki kostnað annarra viðskiptavina að ósekju.

Enn fremur gætu markmið annarra landa um að draga úr kolefnisnotkun gert Ísland meira aðlaðandi sem staðsetningu fyrir grænan iðnað. Möguleg ört vaxandi eftirspurn gæti reynt á þolmörk framleiðslu- og flutningsgetu, sem eykur þörf fyrir snjalla notkun og snjalla uppbyggingu kerfisins hvar sem hægt er.



Í þriðja lagi er orkustefnunni ætlað að þróa **skilvirkan orkumarkað þar sem samkeppni ríkir**. Landsnet hefur kannað möguleikann á orkumarkaði í nokkur ár, og það ferli heldur áfram samhliða ferlum varðandi gjaldskrár, kerfisframlag og kerfisþjónustu. Landsnet fylgist náið með gagnvirkni þessara ferla, þar sem þau eru samtvinnuð að mörgu leyti.



Í fjórða lagi ítrekar orkustefnan markmið um **jafnt aðgengi að orku hvar sem er í landinu**. Þetta hefur áhrif á möguleika á að nota staðsetningarmerki í þeim verkfærum sem verið er að kanna.

Þótt þessi fjögur markmið séu sérstaklega tiltekin hér vegna vægis þeirra í hinu stöðuga endurskoðunarferli leggur Landsnet áherslu á öll markmið orkustefnunnar. Mörg þeirra, svo sem markmið um að orkuþörfum almennings sé ávallt mætt og markmið um trausta innviði, endurspegla stefnu Landsnets frá stofnun. Heildarmarkmið um enga kolefnislosun og rafvæðingu auka bara mikilvægi raforkukerfisins og styrkja hlutverk Landsnets í mörgu tilliti.

Stefnuyfirlýsing

Til þess að greiða fyrir samfélagsbreytingum sem beinast að grænni orku, um leið og við tryggjum öflugt og tryggt raforkukerfi á hagstæðu verði, er mikilvægt að gjaldskráin sé sanngjörn, skilvirk, praktísk og geti aðlagast ólíkum framtíðarsviðsmyndum.

Það er líka mikilvægt að gjaldskráin sé þannig úr garði gerð að hún sé tæknihlutlaus, lágmarki raskandi áhrif og hafi ekki í för með sér ósanngjarna eða óskilvirka skörun við aðra þætti eins og kerfisframlag, greiðslur fyrir kerfisþjónustu, eða boð frá raforkumarkaði framtíðarinnar.

Þar að auki ættu reglur um gjöld, tengigjöld, markaðsvísa, og endurgjald fyrir kerfisþjónustu ekki að tálma notkun nýrrar tækni sem getur leitt til skilvirkara raforkukerfis.

- **kostnaðarhvatar**
- **markaðstengd þjónusta**
- **sveigjanleiki**
- **Sanngjarnt endurgjald**
- **snjöll nýting á kerfinu**



LANDSNET

Kostnaðarhvarar og réttu hvararnir

Flutningsgeta, eða afl, er helsti kostnaðarhvarinn í kerfinu. Gjöld og/eða önnur verkfæri ættu í framtíðinni að miklu leyti að beinast að notkun á þeim tímum þar sem mest notkun er í kerfinu. Hvararnir sem þetta myndi skapa geta dregið úr þörfinni fyrir flutningsgetu til langs tíma litið og þar með dregið úr heildarkostnaði. Það getur einnig hjálpað til að komast hjá því að viðskiptavinir dragi úr notkun sinni að óþörfu þegar næg flutningsgeta er til staðar í kerfinu.

Það eru einnig aðrir kostnaðarhvarar sem eru mismunandi milli viðskiptavina og geta því réttlætt mismunandi gjaldskrár. Dæmi um það eru afhendingaröryggi eða spennustig sem viðskiptavinurinn notar. Hægt er að sameina suma eiginleika í skilgreiningum á viðskiptavinahópum

Markaðstengd þjónusta og sveigjanleiki

Markaðstengd þjónusta og sveigjanleg verkfæri geta verið skilvirkari en hvatar af gjöldum og geta mögulega dregið úr þörf fyrir styrkingu kerfisins. Við viljum í auknum mæli nota slík verkfæri og forðast að þau skarist við hvata af gjaldskrá, kerfisframlagi og öðrum markaðspáttum.

Sanngjarnt endurgjald og snjöll nýting á kerfinu

Raforkukerfi Íslands er landinu og efnahagslífi þess gríðarlega mikilvægt og nánast allir landsmenn njóta góðs af því. Gjaldskráin snýst um hvernig greiða skuli fyrir þetta kerfi eða aðra valkosti sem koma fram. Gjöldin eru nauðsynleg til að tryggja sanngjarnt endurgjald fyrir kostnaðinn sem þegar hefur verið settur í kerfið, sem og kostnað við endurfjárfestingu og viðhald. Vel hönnuð gjaldskrá getur einnig hvatt til snjallrar nýtingar á því kerfi sem fyrir er og dregið úr offjárfestingu. Það hefur í för með sér að gjöldin verða lægri en þau annars yrðu. Með það að markmiði ættu gjöldin, að því marki sem hægt er, að vera kostnaðartengd með því að fela í sér og endurspegla jaðarkostnað sem aðgerðir viðskiptavina hafa í för með sér fyrir kerfið.




Víxltengsl og skörunaráhrif

Í þeirri vinnu sem er í gangi höfum við fundið ýmis atriði þar sem gera má úrbætur og margar spurningar sem þarf að svara. Breytingar á einu atriði getur aftur á móti haft áhrif á önnur, og svar við einni spurningu getur oltið á svari við annarri. Til dæmis er hægt útfæra sveigjanleika með gjaldskrárbreytingu eða með markaðstengdum greiðslum, en það gæti skapað óskilvirkni að nota báðar aðferðir samtímis. Annað dæmi gæti verið möguleiki á greiðslum sem skarast ef framlög til kerfisins og gjaldskrár eru ekki skoðuð hvort með öðru.

Við teljum því mikilvægt að vinna að nokkrum spurningum samtímis til þess að forðast þessi skörunaráhrif. Á sama tíma er erfitt að fá heildaryfirsýn yfir öll samtengd áhrif áður en breytingar eru gerðar. Því stefnum við á að finna réttu málamiðlunina milli heildrænna vinnupakka og þeirra kosta sem fást af því að innleiða smærri breytingar eina af annarri og læra svo af þeim. Hvað sem því líður munu eflaust koma upp tilfelli þar sem besta lausnin í einu máli veltur á öðrum lausnum, og sum tilmæli þurfa að vera skilyrt á meðan fundin eru svör við öðrum spurningum sem þau velta á.





Vinnupakki 2022

Afhendingaröryggi og skerðanlegur flutningur



Umfjöllunarefni

Við hyggjumst innleiða gjaldskrárendurskoðunarferlið í nokkrum áföngum. Við höfum þegar innleitt breytingu á innmötunargjaldi sem tók gildi 1. apríl 2022. Skýringarmyndin að neðan sýnir hvaða umfjöllunarefni verða tekin fyrir í næsta vinnupakka. Forgangur er settur á þessi umfjöllunarefni þar sem Orkustofnun hefur sett skilyrði tengt afhendingaröryggi og vegna víxltengsla við skerðanlegan flutning er það umfjöllunarefni einnig tekið fyrir. Við gerum ráð fyrir að umfjöllunarefni verði endurskoðuð og aðlöguð á meðan á ferlinu stendur og vinnupakki nr. 2 verði metinn og ákvarðaður seinni hluta árs 2022. Ítarlegri lýsing á umfjöllunarefni í næsta vinnupakka er að finna hér neðar.


Afhendingaröryggi

Skerðanlegur
flutningur

Lykiláfangar

Í hverjum vinnupakka gerum við ráð fyrir þremur lykiláföngum:
Rannsóknir, samráð við hagaðila og innleiðing.


- **Í rannsóknaráfanganum** munum við meta valkosti fyrir hvert atriði vinnupakkans, sem og víxlverkanir á milli þeirra og tengsl við atriði utan umrædds vinnupakka. Ferlið felur í sér athuganir á lagalegum grundvelli og tæknilegum kröfum fyrir áformaðar breytingar. Enn fremur verður í rannsókninni gerður samanburður við önnur lönd, og mat á áhrifum.
- **Samráð við hagaðila** mun hefjast með kynningu og opinberri birtingu á tillögu að breytingu, þar sem hagaðilar geta sent inn umsagnir. Eftir þessa opinberu endurskoðun verður annar og styttri rannsóknaráfangi sem leiðir til endurskoðaðrar tillögu til Orkustofnunar.
- **Innleiðingaráfanginn** vísar til tímabilsins milli þess að Orkustofnun samþykkir breytingarnar og þangað til þær taka gildi. Breytingar sem eru ekki samþykktar verða færðar í rannsóknaráfanga næsta vinnupakka. Innleiðingaráfanginn gefur hagaðilum tíma til að búa sig undir breytingarnar auk þess sem tími gefst til að innleiða nauðsynleg kerfi og nýjar venjur.



Bráðabirgðatímalína vinnupakka 2022

Myndritið fyrir neðan sýnir tímalínu áætlaðs ferlis á árinu 2022. Tímalínan sýnir hvað við stefnum á að gera. Ef aðstæður krefjast má búast við að hún verði endurskoðuð meðan á ferlinu stendur.

Tímalínan getur tekið breytingum á meðan verkefnið er unnið. Nýjasta tímalína er aðgengileg á heimasíðu Landsnets hverju sinni.




Afhendingaröryggi

Þessi spurning varðar það hvernig gjöld á úttekt ættu að velta á afhendingaröryggi á hverjum afhendingarstað. Sjálfgefin þjónusta Landsnets er N-1 öryggi, en eins og er er enginn almennur afsláttur af gjöldum fyrir viðskiptavinum þar sem hún er ekki uppfyllt. Aftur á móti geta viðskiptavinir sem eru tengdir dreifiveitu átt rétt á skerðingu gjalda ef flutningskerfið uppfyllir ekki N-1 eða ef skerðing getur aukið öryggi flutningskerfisins. Aðrir viðskiptavinir fá engan afslátt vegna truflana í flutningskerfi Landsnets.

Ástæða fyrir mögulegri breytingu Afhendingaröryggi og kostnaður vegna þjónusturofs er mismunandi eftir staðsetningum. Það er áhyggjuefni að viðskiptavinir gætu greitt sama verð fyrir mismunandi þjónustu. Nýlega setti Orkustofnun Landsneti skilyrði um að fylgja 2. málsgrein greinar 12.a. í raforkulögum. Það felur í sér að afhendingaröryggi fyrir hvern afhendingarstað skuli tekið til greina þegar ákveðin eru úttektargjöld fyrir dreifiveitur (DSO).

Helstu valkostir og sjónarmið Núverandi stefna stjórnvalda er að allir afhendingarstaðir njóti N-1, fyrir árið 2030 í meginflutningskerfinu og fyrir árið 2040 í svæðisbundna flutningskerfinu. Horft verður til þess. Við munum skoða hvernig hægt er að aðlaga gjaldskrár miðað við mismunandi afhendingaröryggi á mismunandi afhendingarstöðum. Hvað það varðar verður einnig mikilvægt að taka til greina allar víxlverkanir við afslátt af gjöldum vegna skerðanlegs flutnings, sem gæti einnig breyst. Enn fremur munum við skoða hvernig best sé að skilgreina þjónustuna.



Skerðanlegur flutningur

Í dag geta viðskiptavinir sem eru tengdir dreifiveitu greitt samkvæmt gjaldskrá vegna skerðanlegs flutnings, að því gefnu að flutningskerfið uppfylli ekki N-1 fyrir viðskiptavininn eða ef skerðing getur aukið öryggi flutningskerfisins. Landsnet semur um skerðingarrétt við orkufreka notendur; gerður er greinarmunur á skerðingarrétti og skerðanlegum flutningi. Við hyggjumst íhuga hve mikill afsláttur af gjöldum ætti að vera, hvort og þá hvernig orkufrekir notendur ættu að geta veitt skerðingu með svipuðum skilmálum, og hvort einnig væri hægt að bjóða upp á skerðingu með markaðstengdari valkostum.

Ástæða fyrir mögulegri breytingu Við viljum meta virði skerðingar, og að hvaða marki hún er endurspegluð í núverandi kerfi. Skerðing kann að vera verðmætari á sumum stöðum en öðrum, og viðskiptavinir sem fá sama afslátt af gjaldskrá sæta ekki endilega skerðingu jafn oft. Það væri ávinningur af því að geta alltaf fengið skerðingu og annars konar sveigjanleika frá ódýrasta veitanda, og borga aðeins fyrir hana þar sem og þegar hennar er þörf.

Helstu valkostir og sjónarmið Við munum taka til greina breytingar á núverandi afslætti af gjaldskrá, hvort og þá hvernig orkufrekir notendur ættu að geta veitt skerðingu með svipuðum skilmálum, og kanna möguleikann á markaðstengdum valkostum. Enn fremur hyggjumst við, eins og við höfum áður lýst, að skoða hvernig hægt er að aðlaga gjaldskrár miðað við mismunandi afhendingaröryggi á mismunandi afhendingarstöðum. Það verður mikilvægt að taka til greina allar víxlverkanir milli endurgjalds fyrir skerðanlegan flutning og afhendingaröryggis.

Framtíðarvinnupakkar

YFIRLIT YFIR RANNSÓKNAREFNI OG VINNUPAKKA

Við hyggjumst innleiða gjaldskrárendurskoðunarferlið í nokkrum áföngum. Skýringarmyndin að neðan sýnir hvaða umfjöllunarefni verða mögulega tekin til greina, og hvaða umfjöllunarefni verða tekin fyrir í vinnupakka nr. 1 (VP1). Við gerum ráð fyrir að umfjöllunarefni verði endurskoðuð og aðlöguð á meðan á ferlinu stendur og vinnupakki nr. 2 verði metinn og ákvarðaður seinni hluta árs 2022.



*gæti einnig verið sett í einn af hinum flokkunum, eftir því hvaða lausn er valin